

STJÓRNARTÍÐINDI B 76 – 2005

23. júní 2005

1309

Nr. 601

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.**

1. gr.

Á töflu í 2. gr. reglugerðarinnar verða eftirfarandi breytingar:

Leyfilegur heildarafli fyrir steinbít (4) verður 13.044 lestir, sbr. 1. tl., til línuvildunar koma 644 lestir, sbr. 7. tl. og til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar komi 11.511, sbr. 8. tl.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. júní 2005.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

23. júní 2005

Nr. 602

REGLUGERÐ

um skilyrði undanþágu frá greiðslu olúgjalds.

1. gr.

Sala eða afhending á olíu, sem bætt hefur verið í litar- og/eða merkiefnum, sbr. 5. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., er undanþegin gjaldskyldu olúgjalds í eftirfarandi tilvikum og eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari:

1. til nota á skip og báta,
2. til húshitunar og hitunar almenningssundlauga,
3. til nota í iðnaði og á vinnuvélar,
4. til nota á dráttarvélar í landbúnaði,
5. til raforkuframleiðslu,
6. til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og falla undir vörulið 8705 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, t.d. kranabifreiðar, borkranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar og úðunarbifreiðar,

Gutenberg